

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
04 501

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

kt. 5806070710

Árleyni 2-8, 112 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Nýsköpunarmiðstöð hefur allt frá stofnun 2007 hvatt til nýsköpunar og stutt við framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Það hefur miðstöðin gert með virkri þátttöku í rannsóknaverkefnum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð hefur litið svo á að nýsköpun sé forsenda fyrir fjölbreyttu atvinnulífi og lykilatriði í samkeppnishæfni fyrirtækja og landsins í heild. Nýsköpunarmiðstöð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hefur starfað samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir.

Í lögum nr. 25/2021 kemur fram að lög nr. 75/2007 munu falla úr gildi 01.07.2021 og þar með verði Nýsköpunarmiðstöð lögð niður. Í sömu lögum kemur fram að stofnað verður einkahlutafélag, Tæknisetur ehf. sem verður 100% í eigu ríkisins. Tæknisetur mun taka við verkefnum sem deildin, Efnis- líf- og orkutækni hefur sinnt og enn fremur verkefni sem deildin Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur haft með höndum. Verkefni deildarinnar Efnagreiningar hefur verið flutt til Hafrannsóknastofnunar. Einnig hafa verkefni Evrópumiðstöðvar verið flutt til Rannís, nýsköpun í skólum og frumkvöðlamenn verið flutt til Menntavísindasvið HÍ, verkefni á sviði nýsköpunar í opinberum innkaupum voru flutt til Ríkiskaupa og verkefni tengd Fab Lab hafa verið flutt til Þróunarseturs Vestmannaeyja. Mörgum verkefnum sem Nýsköpunarmiðstöð hafði með höndum verður þó hætt. Eignir stofnunarinnar verða færðar til Hafrannsóknastofnunar og einnig til Tækniseturs.

Frá 1. júlí 2021 og fram í október verður unnið að frágangi allra mála ásamt uppgjöri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í kjölfar þess mun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið taka yfir málefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem ólokið kann að vera.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 524,7 milljónir og afkoma kr. -94,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -53,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 182,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir,
skrifstofustjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	259.500.000	658.100.000
Seld þjónusta	3	112.937.616	286.473.805
Framlög og ýmsar tekjur	4	148.220.530	332.474.179
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	4.056.763	14.240.897
Tekjur samtals		524.714.909	1.291.288.881
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	452.462.193	958.566.342
Framlög og tilfærslur	6	38.986.091	33.776.230
Annar rekstrarkostnaður	7	122.495.309	267.687.008
Afskriftir	8	4.056.763	14.240.897
Gjöld samtals		618.000.356	1.274.270.477
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(93.285.447)	17.018.404
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		619.919	14.701.713
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.945.004)	(215.185)
		(1.325.085)	14.486.528
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		(94.610.532)	31.504.932
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga		0	955.972
Afkoma ársins		(94.610.532)	32.460.904
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(55.624.441)	5.337.134
Rekstrartilfærslur		(38.986.091)	27.123.770
		(94.610.532)	32.460.904

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		0	71.256.843
		<u>0</u>	<u>71.256.843</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	0	16.744.508
		<u>0</u>	<u>16.744.508</u>
Fastafjármunir samtals		<u>0</u>	<u>88.001.351</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		5.561.469	82.289.537
Tengdir aðilar	11	0	31.653.105
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		46.269	58.482.923
Handbært fé	12	176.753.302	139.359.207
		<u>182.361.040</u>	<u>311.784.772</u>
Veltufjármunir samtals			
		<u>182.361.040</u>	<u>311.784.772</u>
Eignir samtals		<u>182.361.040</u>	<u>399.786.123</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		(53.147.322)	41.463.210
		<u>(53.147.322)</u>	<u>41.463.210</u>
Eigið fé samtals			
		<u>(53.147.322)</u>	<u>41.463.210</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	131.833.428	125.604.405
Viðskiptaskuldir		78.886.976	13.736.080
Ýmsar skammtímaskuldir	14	5.188.582	128.126.209
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	19.599.376	90.856.219
		<u>235.508.362</u>	<u>358.322.913</u>
Skuldir samtals			
		<u>235.508.362</u>	<u>358.322.913</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>182.361.040</u>	<u>399.786.123</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(94.610.532)	32.460.904
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	4.056.763	14.240.897
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.056.763)	(14.240.897)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		0	(955.972)
Sölutap		265.579	2.121.531
		<u>(94.344.953)</u>	<u>33.626.463</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		135.164.722	22.218.828
Tengdir aðilar		41.839.077	(117.826.271)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(57.786.731)</u>	<u>1.825.622</u>
		119.217.068	(93.781.821)
		<u>24.872.115</u>	<u>(60.155.358)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Söluverð eignarhluta		12.521.980	354.911
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	0	(472.862)
		<u>12.521.980</u>	<u>(117.951)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		0	117.951
		<u>0</u>	<u>117.951</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		37.394.095	(60.155.358)
		<u>139.359.207</u>	<u>199.514.565</u>
		<u>176.753.302</u>	<u>139.359.207</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	259.500.000	658.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.056.763	14.240.897
	<u>263.556.763</u>	<u>672.340.897</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	251.100.000	30.700.000	0	281.800.000
Fjáraukalög	0	(30.700.000)	0	(30.700.000)
Millifært úr varasjóð	8.400.000	0	0	8.400.000
Fjárveiting til tekna	259.500.000	0	0	259.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(315.124.441)	(38.986.091)	0	(354.110.532)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(55.624.441)	(38.986.091)	0	(94.610.532)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	101.119.965	165.950.553
Verksala	7.958.703	104.141.810
Vörusala	3.740.174	13.618.333
Ýmsar þjónustutekjur	96.227	1.872.109
Fræðslustarfsemi og fundir	22.547	891.000
	<u>112.937.616</u>	<u>286.473.805</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	11.021.839	34.650.885
Kostnaðarhlutdeild	2.381.327	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.914.115	74.370.269
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	128.401.388	189.977.721
Ýmsar tekjur	4.501.861	33.475.304
	<u>148.220.530</u>	<u>332.474.179</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	399.263.151	784.735.453
Orlof, breyting	(102.856.123)	(7.245.283)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	65.969.982	2.516.994
Launatengd gjöld	88.562.333	176.747.957
Starfsmannakostnaður	1.522.850	1.811.221
	<u>452.462.193</u>	<u>958.566.342</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	36,1	77,3
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	20.229.871	6.979.360
Rekstrartilfærslur aðrir	18.756.220	26.796.870
	<u>38.986.091</u>	<u>33.776.230</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.634.230	3.524.171
Byggingarvörur, almennar	57.867	561.904
Ýmis tæki og áhöld	1.739.028	7.572.559
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.374.874	8.079.167
Orkugjafir	7.487.668	15.707.526
Matvæli	5.580.786	10.823.359
Almennar rekstrarvörur	3.032.467	7.105.312
Vörukaup, almenn	21.906.920	53.373.998
Rannsóknarstofuefni	2.820.365	13.737.994
Ýmsar sérgreindar vörur	118.664	1.043.189
Vörukaup, sérgreind	2.939.029	14.781.183
Fundir, námskeið, risna	673.816	11.580.509
Ferðir, upphald	970.156	7.211.739
Akstur	1.793.028	6.960.895
Sérfræðiþjónusta	24.380.040	44.350.435
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	233.151	391.030
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	723.000	4.096.925
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.983.384	5.738.105
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	30.756.575	80.329.638
Afnotagjöld	16.066.805	27.038.654
Leigugjöld	5.240.606	13.209.731
Notkun véla og flutningatækja	2.332.544	6.127.504
Verkkaup	36.431.939	42.353.370
Kostnaðarhlutdeild	433.519	957.201
Tryggingar, lögboðnar	563.371	1.337.098
Opinber gjöld	11.755.499	21.806.758
Tapaðar kröfur	(5.931.498)	6.371.873
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	66.892.785	119.202.189
Annar rekstrarkostnaður samtals	122.495.309	267.687.008
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	0	14.240.897
Sölugjöld og úreltar eignir	4.056.763	0
	4.056.763	14.240.897

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	0	71.256.843
	0	71.256.843

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 01.01.2021	137.015.486
Eignir fluttar til 04-406	(31.396.475)
Eignir fluttar til Tækniseturs	(82.753.554)
Selt/úrelt á árinu	(22.865.457)
	0
Afskriftir 01.01.2021	65.758.643
Eignir fluttar til 04-406	(14.640.921)
Eignir fluttar til Tækniseturs	(32.309.028)
Selt/úrelt á árinu	(18.808.694)
	0
Staða 31.12.2021	0

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur 1/1 2021	Nafnverð 1/1 2021	Bókfært verð 31/12 2021	Bókfært verð 31/12 2020
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>				
Hkjarni ehf *)	23,33%	700.000	0	111.962
Rannsókn- og háskólanet Ísl hf	0,74%	400.000	0	395.397
Auðna tæknitorg	5,20%	28.600	0	1.010.193
			0	1.517.552
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>				
Calfalarm ehf	5,00%	25.000	0	25.000
Fjárfestingafélagið Landsv. ehf	18,00%	100.000	0	110.000
Íslensk NýOrka	1,42%	1.546.325	0	999.555
ORF Líftækni hf.	0,78%	1.786.160	0	1.786.160
SER eignarhaldsfélag ehf.	11,64%	12.280.303	0	12.280.200
Atmonía	4,86%	26.041	0	26.041
			0	15.226.956
			0	16.744.508

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	31.653.105
	<u>0</u>	<u>31.653.105</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	131.833.428	116.697.333
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	8.907.072
	<u>131.833.428</u>	<u>125.604.405</u>

12 Handbært fé

Tékkareikningar	176.753.302	127.262.790
Gjaldeyriseikningar í innlendum innlánsstofnunum	0	12.096.417
	<u>176.753.302</u>	<u>139.359.207</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 336 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	41.463.210	(25.998.322)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	35.000.628
Afkoma ársins	(94.610.532)	32.460.904
Jöfnuður 31.12.	<u>(53.147.322)</u>	<u>41.463.210</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	5.188.582	108.044.705
Ógreidd laun	0	2.516.994
Önnur ógreidd gjöld	0	2.500.000
Skattar	0	15.064.510
	<u>5.188.582</u>	<u>128.126.209</u>

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	0	71.256.843
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	19.599.376	19.599.376
	<u>19.599.376</u>	<u>90.856.219</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	71.256.843	19.599.376	90.856.219
Eignir fluttar til 04-406	(16.755.554)	0	(16.755.554)
Eignir fluttar til Tækniseturs	(50.444.526)	0	(50.444.526)
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.056.763)	0	(4.056.763)
	<u>0</u>	<u>19.599.376</u>	<u>19.599.376</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur verið lögð niður.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.